

**Ed.**

**462. Nefndarálit**

[129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur meiri hl. nefndarinnar til að skattprósentur verði hækkadar frá því sem var þegar neðri deild afgreiddi frumvarpið. Minni hluti nefndarinnar er því andvígur.

Samkvæmt útreikningum Reiknistofnunar og ríkisskattstjóra verður verulegur fjöldi launafólks fyrir nokkurri eða verulegri skattaþyngingu samkvæmt tillögum meiri hl., jafnframt því sem gerð er tillaga af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um mikla skattalækkun á fyrirtækjum.

Minni hl. nefndarinnar gerir tillögu um að álagningarprósenta á félög skuli vera áfram hin sama og hæsta jadarprósenta tekjuskatta á einstaklinga eins og verið hefur undanfarin ár, en jafnframt verði skattbyrði einstaklinga létt sem sömu fjárhæð nemur. Samkvæmt þessu yrðu prósentur á skattstiga einstaklinga 22.75%, 29.75% og 45%.

Jafnframt standa nefndarmenn að tveimur öðrum breytingartillögum. Eru þær annars vegar um að milda áhrif af tekjumissi vegna atvinnubrests eða sérstaks tekjubrests vegna t. d. aflasamdráttar. Hins vegar er tillaga sem tekur til þess að rétta hag hinna allra verst settu í þjóðfélaginu með útgreiðslu persónuafsláttar sem nýtist ekki til skattalækkunar eða greiðslu skatta og fellur því ónýttur við núverandi fyrirkomulag. Slík útgreiðsla næði þó að hámarki til hálf persónuafsláttar og einungis til þeirra sem væru yfir tvítugt og störfuðu ekki við eigin atvinnurekstur skv. nánari skilgreiningu í lagagrein í breytingartillögum. Áætlað er að sú fjárhæð, sem hér um ræðir, sé um 220 milljónir króna.

Alþingi, 19. mars 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
fundaskr.

Ragnar Arnalds,  
frsm.

Eiður Guðnason.